


29. janúar 2015

Verðlag lækkar um 0,71% í janúar

Vísitala neysliverðs (VNV) lækkaði um 0,71% í janúar en spár greiningaraðila lágu á bilinu -0,9% til -1,1% og spáðum við 1% lækkun. Frávik frá spám greiningaraðila má helst rekja til flugliðarins. Flestir greiningaraðilar spáðu lækkun á flugfargjöldum í mánuðinum en liðurinn hækkaði lítillega í mælingu Hagstofunnar. Ársverðbólgan helst nánast óbreytt milli mánaða og mælist 0,8% en án húsnæðisliðarins er verðhjóðnun sem nemur -0,6%. Aðrir liðir þróuðust nokkurn veginn í takt við spár þar sem eldsneytisverð lækkaði verulega (-0,42% áhrif á VNV), föt og skór lækkuðu í útsölum (-0,72% áhrif á VNV) og húsgögn og heimilisbúnaður lækkuðu einnig (-0,22% áhrif á VNV). Á móti hækkaði matarkarfan hressilega í kjölfar hækkunar á neðra virðisaukaskattsþrepinu (+0,38%) og einnig hækkaði húsnæðisliðurinn (+0,33% áhrif á VNV).



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar breytist lítið milli mánaða en við gerum ráð fyrir að verðlag hækki um 0,7% í febrúar, 0,4% í mars og 0,3% í apríl. Ársverðbólgan mun því mjakast úr 0,8% í janúar og standa í 1,0% í apríl.


Helstu atriði í janúar mælingunni:

- **Matarkarfan hækkar.** Matur og drykkjarvörur hækkuðu um 2,6% í janúar eða ívið meira en við höfðum spáð. Skýringuna má rekja til hækkunar á neðra virðisaukaskattsþrepi og voru áhrif á VNV 0,38% til hækkunar. **Áhrif á VNV: +0,38%**
- **Húsnæðisliðurinn hækkar umtalsvert.** Húsnæðisverð hækkaði um 1,3% í janúar um land allt og hafði því reiknuð húsaleiga 0,19% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækkaði rafmagn og hiti um 2,2% vegna gjaldskrárbreytinga og hafði um 0,7% áhrif til hækkunar á VNV. Annað vegna húsnæðis hafði jafnframt 0,07% áhrif til hækkunar á VNV og voru áhrifin því samtals 0,33%. **Áhrif á VNV: +0,33%**
- **Flugfargjöld til útlanda koma á óvart.** Líkt og oft áður kom flugliðurinn á óvart en flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 2,8% og höfðu 0,04% áhrif til hækkunar á VNV. Flestir greiningaraðilar höfðu spáð lækkun á bilinu 14% til 18% en við spáðum um 17% lækkun á liðnum. Á móti vegur að flugfargjöld innanlands lækkuðu um 6,4% og höfðu 0,01% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: +0,03%.**

- **Útsöluáhrifin meiri en áður.** Að þessu sinni höfðu útsöluáhrifin 0,94% áhrif til lækkunar á VNV. Annars vegar lækkuðu föt og skór um 15,2% og hafa 0,72% áhrif til lækkunar á VNV og hins vegar lækka húsgögn og heimilisbúnaður um 4,9% og hafa 0,22% áhrif til lækkunar á VNV. Mælingin er því ekki fjarri því sem við spáðum en við gerðum ráð fyrir að áhrifin yrðu 0,88% til lækkunar. Engu að síður eru útsöluáhrifin í hærra lagi miðað við síðustu ár og má skýringuna að hluta til rekja til afnáms vörugjalda og lækkunar á efra virðisaukaskattsþrepinu. **Áhrif á VNV: -0,94%.**
- **Söguleg lækkun á eldsneytisverði.** Eldsneyti lækkaði um 11% í mánuðinum og hafði 0,42% áhrif til lækkunar á VNV og var því í takt við flestar spár. **Áhrif á VNV: -0,42%.**
- **Minni breytingar á öðrum liðum.** Helst má nefna að bílar og varahlutir lækkuðu og höfðu samtals 0,11% áhrif til lækkunar á VNV. Tómstundir og menning lækkuðu ívið minna en við spáðum eða um 0,13% og höfðu því einungis 0,01% áhrif til lækkunar á VNV. Áfengi og tóbak hafði 0,02% áhrif til lækkunar á VNV og símaþjónusta lækkaði einnig og hafði 0,04% áhrif til lækkunar. Á móti hækkuðu hótél og veitingastaðir en þó minna en við áttum von á eða um 1,72% og höfðu 0,08% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: -0,08%.**

Bráðabirgðaspá – Innfluttar vörur stuðla áfram að minni verðbólgu


Ein helsta skýring á lítilli verðbólgu um þessar mundir liggur í lækkun á verði innfluttra vara en þær hafa lækkað um 5% síðastliðið ár og hafa því haft 1,7% áhrif til lækkunar á VNV. Þar vegur þyngst lækkun olíuverðs undanfarið en einnig er lítill verðbólguþrýstingur á alþjóðavísu á sama tíma og gengi krónunnar hefur haldist stöðugt það sem af er ári. Jafnframt hefur afnám vörugjalda og lækkun á neðra virðisaukaskattsþrepinu haft áhrif til lækkunar á verðlag. Á hinn bóginn má sjá að matvara hækkar umtalsvert vegna hækkunar á neðra virðisaukaskattsþrepinu. Þegar horft er til verðbólguþróunar næstu mánuði gerum við ráð fyrir að innfluttar vörur hafi áfram áhrif til lækkunar á verðbólgu en þegar líður á árið dregur úr áhrifunum og kann að koma meiri verðbólguþrýstingur ef launahækkningar verða verulegar í komandi kjarasamningum. Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólga mælast um 1,0% í apríl.



Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Febrúar +0,7%.** Veigamesta hækkunin að okkar mati verður á fötum og skóm og húsgögnum og heimilisbúnaði þegar útsöluáhrif ganga til baka. Við gerum ráð fyrir að áhrifin verði samtals 0,4% til lækkunar á VNV. Einnig er líklegt að matarkarfan hækki lítillega og jafnframt ferðaliðurinn.
- **Mars +0,4%.** Gert er ráð fyrir að útsöluáhrifin haldi áfram að ganga til baka og hafi um 0,2% áhrif til lækkunar á VNV. Flugfargjöld og húsnæðisverð mun einnig hækka í mánuðinum.
- **Apríl +0,3%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór hækki ásamt ferðaliðnum og húsnæðsverði. Spáin kann þó að lækka ef innfluttar vörur og innlendar vörur halda áfram að lækka í verði líkt og undanfarna mánuði.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)